
F U N D A R G E R Ð

Fundur:	Raforkuhópur 2007-05
Fundartími:	Þriðjudagur 12. júní 2007 kl. 13:30
Fundarstaður:	Orkustofnun, Grensásvegi 9
Fundarefni:	1) Raforkunotkun á fyrstu þremur mánuðum ársins. 2) Fundur orkuspárnefndar 26.05.2007 og almennar forsendur. 3) Notkun stóriðju og ný stóriðja. 4) Fyrstu niðurstöður endurreiknings raforkuspár. 5) Önnur mál.

Á fundinn mættu:

Raforkuhópurinn:	Ívar Þorsteinsson Gunnar Aðalsteinsson Agnar Árnason Sigurður Ágústsson Pétur E. Þórðarson Íris Baldursdóttir
Verkfræðistofan Afl:	Jón Vilhjálmsson Ingvar Baldursson
Fjarverandi:	Ásgeir Sigtryggsson

- 1) JV sagði vantað hefði inn í gögn frá Landsneti og hefði hann fengið það sem á vantaði í gær. Búið væri að koma þeim gögnum inn í gagnagrunn OS en þá kom í ljós að JV hafði yfirsétt að það vantaði röð fyrir Rauðavatn. Hann sagðist þó hafa tekið saman gögn fyrir 1. ársfjórðung þar sem hann notaði Elliðaárstöð í stað Rauðavatns og vantaði því eitthvað smávegis inní gögnin og vonandi bærust þau gögn á morgun og þá mundi hann setja tölurnar á heimasíðu orkuspárnefndar og láta fundarmenn vita af því. JV fór þá yfir bráðabirgðatölurnar fyrir 1. ársfjórðung. Raforkuvinnslan hefur aukist um 20,7% frá sama tíma árið 2006 en flutningstöp hafa aukist um 25,5%. Stórnotkun hefur aukist um 30,4% en almenn notkun um 6,0%. Ótryggð orka hefur aukist meira en forgangsorkan eða um 12,0 % meðan forgangsorkan jókst um 5,2%. Aukin notkun ótryggðrar orku stafar væntanlega af meiri loðnuveiði þessa mánuði 2007 en 2006. Verulegur munur er á hitafari þessa mánuði milli ára. Janúar og febrúar voru tæplega 3°C kaldari nú en í fyrra en mars var rúmlega 1°C hlýrri. Hitastigleiðrétting hefur því þó nokkur áhrif og verður aukning forgangsorku eftir leiðréttingu 3,8%. Íris benti á að þetta væri þó nokkuð mikil aukning og voru fundarmenn sammála því. JV benti á að notkun við framkvæmdir á

Austurlandi væri lítið farin að minnka og yrði væntanlega mun meiri á þessu ári en áætlanir gerðu ráð fyrir.

- 2) JV sagði að á fundi orkuspárnefndar 26.05.2007 hefði verið samþykkt að taka saman almennar forsendur fyrir raforkuspá og setja inn í líkan. Ekki var tekin ákvörðun um að uppfærsla skýrslu um almennar forsendur og óvíst að það verði gert (athugasemd frá JV: Orkustofnun ákveðið eftir fundinn að uppfæra ekki skýrsluna í ár). Hann sagði einnig að líklega hafi sjaldan verið eins mikilvægt að fylgjast vel með almennu forsendunum sökum þess hve miklar og hraðar breytingar eru á þjóðfélaginu þessi árin. JV fór yfir helstu atriði í almennu forsendunum sem uppfærðar hafa verið vegna endurreiknings raforkuspár og fjallaði hann sérstaklega um eftirfarandi þætti:

Mannfjöldi: Hann sagði að Hagstofa Íslands hefi ekki uppfært endurreikning sinn á mannfjölda í nokkur ár en miklar breytingar hafa orðið á aðflutningi fólks á þessum tíma svo framreikningur þeirra er í raun ónothæfur nú. Einnig er ekki um spá að ræða heldur framreikning sem miðar við að framtíðin verði eins og fortíðin. Aðrir aðilar eru farnir að gera fólksfjöldaspár og t.d. nefnir fjármálaráðuneyti í þjóðhagsáætlun að þeir hafi áætlað fólksfjölda og einnig er nýútkomin spá frá Samtökum atvinnulífsins. Ekki er hægt að nota þessar spár beint þar sem þær eru ekki með skiptingu niður á landshluta. JV sagðist hafa notað svipaðar forsendur og í spá Samtaka atvinnulífsins eða aðeins lækkandi fæðingartíðni (fer niður í 1,93 árið 2030) og aukinn aðflutnings fólks miðað við það sem áður hefur verið miðað við en þó er gert ráð meiri brottflutningi en aðflutningi næstu tvö árin þegar starfsmenn við uppbyggingu orkumannvirkja og stóriðjuvera á Austurlandi hverfa af landi brott. Hann sagði að aukin uppbygging öldrunarþjónustu og aukinn fjöldi ferðamanna hljóti að kalla á áframhaldandi aðflutning fólks. Ákveðið var að miðað við að um 600 manns flytji til landsins umfram brottflutning.

Húsrými: Nýjar tölur hafa verið fengnar frá Fasteignamati ríkisins og kemur þá fram að gífurleg aukning er í rúmmáli íbúðarhúsnæði eða um 2 milljónir rúmmetra en á tíunda áratug síðustu aldar var aukningin um 0,8 milljónir rúmmetra að meðaltali og árin 1999 til 2003 var aukningin um 1,2 milljónir rúmmetra. Fólksfjölgun var mjög mikil á síðasta ári sem skýri þetta að hluta en þó þarf að hafa í huga að hún stafar mikið af aðflutning fólks og húsnæðisþörf þess fólks er mun minni en þeirra sem fyrir eru. Einnig sýndi hann meðalstærð íbúða og hafa þær stækkað verulega á allra síðustu árum og var meðalstærð aukningar rúmum 500 m³ á íbúð árið 2006. Í orkuspá höfum við miðað við 444 m³/íbúð. Samþykkt var að gera ráð fyrir að þessi stækkun íbúða sé að hluta til tímabundin en til langs tíma verði hún 470 m³ á íbúð.

Hagvöxtur: JV sýndi spár frá fjármálaráðuneyti og bönkunum um hagvöxt næstu ára. Fyrir árið 2007 eru þessar spár mjög mismunandi eða frá 0,5% til 2,0 % hagvöxtur. Hann sagði að Landsbankinn og Kaupþing gerðu ráð fyrir

framkvæmdum í Helgivík en ekki fjármálaráðuneytið eða Glitnir. Í ljósi þessa væri gert ráð fyrir ótrúlega svipuðum hagvexti árið 2009 í þessum spá eða 2,6-3,0%. Hann taldi að ef ekki yrði að þessum framkvæmdum hlyti hagvöxtur að fara niður á tímabilinu 2008-2010 vegna mikils samdráttar í húsbýggingum. Hann sagðist miðað við hagvaxtatölur fjármálaráðuneytis en þó væri minni hagvöxtur árin 2009 og 2010 vegna samdráttar í byggingaframkvæmdum.

- 3) IB fór yfir tölur um notkun stóriðju sem Íris hafði tekið saman og sagði að þær hefðu aðeins breyst frá síðasta ári, sérstaklega afltölurnar. Íris sagði að Landsnet teldi í lagi að birta sundurliðaðar tölur um notkun stóriðju í spánni og verður það gert. Hún vildi einnig að fram kæmu vissir fyrirvarar í texta um að nokkur óvissa væri varðandi uppkeyrslu stóriðju á næstunni og því veruleg óvissa í orkutölum fyrsta ár Fjarðaáls. Varðandi nýja stóriðju var ákveðið að taka ekki neitt slíkt inn í spána núna þar sem ekki hefur verið gengið frá öllum þáttum varðandi framkvæmdir í Helguvík en fjalla á almennt um nýja stóriðju í texta.
- 4) IB fór yfir fyrstu tölur í endurreiknaðri spá en samkvæmt þeim hækkar spáin aðeins frá síðasta útreikningi aðallega vegna aukins íbúafjölda og stækkunar íbúða. Einnig verður notkun við framkvæmdir á Austurlandi meiri í ár en ráð var fyrir gert og hefur verið tekið tillit til þess.

Afli var falið að klára endurreikninginn og ef mögulegt er að þá yrði haldinn fundur 26. júní til að fara yfir lokaniðurstöður endurreiknaðrar spár. Fleira ekki gert. Fundi slitið kl 15:30.

Jón Vilhjálmsson

Sýnt var en ekki dreift:

- Töflur og myndir úr almennum forsendum.
- Ísland 2050. Eldri þjóð – Ný viðfangsefni. Samtök atvinnulífsins.
- Tafla um notkun stóriðju næstu ár.
- Töflur úr raforkuspá.